

203 Auk tengigjaldsins skal húseigandi eða íbúðareigandi greiða árlegt holræsa-
30. des. gjald til hreppsins kr. 200.00 af hverju húsi (eða íbúð) og enn fremur 2% af fasteignamati hússins.

Ef fleiri en ein íbúð er í húsi, skal greiða kr. 200.00 fyrir hverja eina, sem umfram er.

4. gr.

Hið árlega holræsgjald svo og tengigjald, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir atvikum um allt að 50%, þó skal niðurfjöfnun gjaldsins á hverjum tíma, miðast við nauðsynlegustu þarfir.

5. gr.

Holræsgjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart hreppsnefnd.

Kröfur sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgönguveðrétti fyrir hvers konar samnings og aðfararveði.

Gjalddagi holræsgjaldsins er 1. maí ár hvert.

Gjaldið greiðist oddvita hreppsins eða þeim, sem hreppsnefnd felur innheimtu þess.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500.00 kr., nema þyngri refsing liggí við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hvolhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1959, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 13 29. jan. 1957, um holræsi í Hvolsvallarkauptúni í Rangárvallasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

204

30. des.

G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Vatnsskatt greiði notendur veitunnar árlega samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Fyrirtæki svo sem sláturhús, frystihús, almennings þvottahús og uppþvottastöðvar bifreiða, greiði vatnsskatt, sem hreppsnefnd Hvolhrepps ákveður fyrir eitt ár í senn.
- b. Aðrir, sem fá vatn frá veitunni greiði skattinn af öllum húsum sínum samkvæmt gildandi fasteignamati og sé skatturinn 10% af þeim húsum, sem metin eru allt að 100 000.00 krónur, en af þeim húsum, sem metin eru hærra sé skatturinn 6%.

Vatnsskattur má þó aldrei lægri vera en 500 krónur. Séu tvær eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi, verður vatnsskattur fyrir hverja eigi lægri en 500 krónur.

2. gr.

204

Vatnsveitunefnd leggur á skattinn samkvæmt 1. grein, og skal gjalddagi hans vera 1. marz ár hvert. 30. des.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt húsaleigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi húseignum næstu tvö árin eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammings og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 61 25. apríl 1949 fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

205

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Borðeyrar nr. 4 15. jan. 1957. 31. des.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem eru sérmetnar til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 2% — tveimur af hundraði — af fasteignamatsverði árlega. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 200.00 af hverri húseign. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 200.00 af hverri íbúð, sem fram yfir er.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bæjarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.